

HAFNARFJARÐARBÆR

**Umhverfis- og
skipulagsþjónusta**



www.hafnarfjordur.is



Ásvellir

8. fundur starfshóps um uppbyggingu Ásvalla var haldinn á Ásvöllum,
þann 12. janúar 2016 kl. 18:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

| | |
|--------------------------------|-----|
| Helga Ingólfssdóttir, formaður | HI |
| Helga B Arnardóttir | HBA |
| Friðþjófur H Karlsson | FHK |
| Samúel Guðmundsson | SG |
| Þorgeir Haraldsson | PH |

Með starfshópnum starfa:

| | | |
|---------------------|----|------------------------|
| Sigurður Haraldsson | SH | Sviðsstjóri |
| Geir Bjarnason | GB | Íþróttafulltrúi |
| Magnús Gunnarsson | MG | Framkvæmdastjóri Hauka |

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Samþykkt fundargerða: 7. fundargerð samþykkt.

2. Gervigras.

Búið er að taka gervigrasið í notkun og reynist það vel. Verið er að ganga frá lokareikningi og uppgjöri vegna framkvæmdarinnar. Eftir er að ganga frá rekstrarsamningi vegna gervigrassins og eru íþróttafulltrúi og framkvæmdarstjóri Hauka að fara yfir það mál.

3. Íþróttahús.

Farið var yfir stöðu á hönnun vegna íþróttahúss, ASK arkitektar hafa verið með verkefnið frá 2007 og ljúka þarf uppgjöri vegna þeirrar hönnunar sem nú þegar er lokið. SH og SG falið fyrir næsta fund að funda með ASK og rýna teikningar og sannreyna stærðir, skoða forgangsröðun og áfangaskiptingu vegna íþróttahússins.

4. Hvernig standa á að framkvæmdinni.

SG lagði fram bréf frá aðalstjórn Hauka, dagsett 10. janúar 2016, þar sem fram kemur vilji Hauka til að flýta framkvæmdinni.

5. Önnur mál.

Rætt var um lyftingarklefa hússins og samþykkt að taka stöðu á honum, á næsta fundi starfshópsins.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 26. janúar kl. 18:00 að Ásvöllum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.